

Sp. 299. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um sérstaka athugun á eflingu iðnaðar í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Flm.: Pálmi Jónsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í tengslum við framkvæmdaáætlun Norðurlandskjördæmis vestra verði sérstaklega gerð ítarleg athugun á þróunarmöguleikum iðnaðarins í ljósi nýrra viðhorfa í orkumálum kjördæmisins.

Athugun þessi, sem gangi fyrir öðrum þáttum áætlunarinnar, verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í nánú samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir iðnaðarins. Skýrsla um niðurstöður verði birt þegar að athugun lokinni. Skal þar m. a. koma fram:

1. Ástand og framþróunarmöguleikar hinna ýmsu iðnfyrirtækja sem nú eru starfandi, þ. á m. fiskiðnaðarins.
2. Uppbygging nýrra fyrirtækja, þ. á m. fyrir orkufrekan iðnað af heppilegri stærð við hæfi heimamanna.
3. Fjármögnunarleiðir.

Greinargerð.

Hinn 2. maí 1972 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur heldur lítið um þessa áætlun heyrst. Þó hefur verið unnið að undirbúningi hennar af og til af hálfu Framkvæmdastofnunar ríkisins, og nú að undanförunu hefur sérstakur starfsmaður þeirrar stofnunar sinnt nokkuð þessu verki. Mun nú vera í burðarliðnum fyrsti hluti áætlunarinnar, sem er eins konar skýrsla um atvinnuhætti, afkomu fólksins og búsetuþróun í kjördæminu. Verður þar vafalaust margvíslegan fróðleik að finna, bæði í sögulegum efnunum og að því er tekur til nútíðar.

Sú tillaga, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því, að nú verði hafin í tengslum við framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra sérstök og ítarleg at-
hugun á iðnaði og iðnþróunarmöguleikum í kjördæminu. Að sumu leyti má telja að hér sé um að ræða eins konar röðun verkefna innan þess ramma sem ályktun Alþingis frá 2. maí 1972 markar. Það er ekki óeðlilegt, þar sem sá rammi er ákaflega víður og rúmar framkvæmdir á vegum einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila, auk starfsemi atvinnuvega, félagslegra málefna og samgangna. Fyrsti ka-
pitulinn innan þessa ramma verði því iðnþróunaráætlun.

Tilfni þessarar þingsályktunartillögu er þó mun skýrara og mikilvægara en hér hefur verið rakið. Með yfirlýsingu iðnaðarráðherra um, að hann hyggist beita sér fyrir setningu laga um heimild til virkjunar Blöndu og síðan að í framkvæmdir verði ráðist, hafa opnast gjórsamlega ný viðhorf í orkumálum kjördæmisins.

Allir vita að iðntyrirtæki spretta ekki upp án orku, og telja verður að orku-
skorturinn hafi á undanförunum árum haft mjög lamandi áhrif á uppbyggingu iðn-
aðar í kjördæminu, auk þess sem allar stórbreytingar í þeim efnun hafa í raun verið útilokaðar. Með 135 MW virkjun Blöndu, sem vonandi tekur til starfa á fyrri hluta næsta áratugs, er öllum orkuskorti vitaskuld rutt úr vegi, bæði að því er snertir atvinnurekstur og daglegt líf fólksins í þessum landshluta, og meira en það, mikinn undirbúning og forsjálni þarf að viðhafa svo þessari miklu orku verði komið í lög. Þeim viðhorfum þarf því að mæta tímanlega og á réttan hátt.

Á fjölmönnum fundi áhugamanna um virkjun Blöndu, sem haldinn var á Blöndu-
ósi 17. jan. s.l., kom glögg fram hinn sterki áhugi fundarmanna úr báðum Húna-
vatnssýslum fyrir því að nýta orku frá Blönduvirkjun svo sem kostur er í þágu
kjördæmisins og þá fyrst og fremst til iðnaðaruppbyggingar. Í ályktun fundarins
segir m. a. á þessa lund:

„Fundurinn leggur á það höfuðáherslu, að orka Blönduvirkjunar verði notuð
til alhliða iðnaðaruppbyggingar smærri og stærri þéttbýlisstaða Norðurlands vestra,
og skorar á sveitarstjórnir þeirra að hefja nú þegar samstarf til þess að koma upp
orkufrekum iðnaði af viðuráðanlegri stærð í þessum sveitarfélögum, í samvinnu og
samráði við þingmenn kjördæmisins, Framkvæmdastofnun ríkisins og stofnanir
iðnaðarins.“

Ályktanir í svipuðum anda hafa borist frá nokkrum sveitarstjórnunum í kjör-
dæminu.

Höfuðatriði er að hefja þegar undirbúning að því, að atvinnurekstur í kjördæm-
inu sjálfu geti nýtt sem allra mest af þeirri orku sem verður á boðstólum þegar
virkjunin tekur til starfa. Það gerist ekki án þess að hugsað sé fyrir því í tíma, og
það er meginorsök þess að þessi þingsályktunartillaga er flutt.

Í Norðurlandskjördæmi vestra er þegar um verulegan iðnað að ræða. Fiskiðn-
aðurinn hefur farið vaxandi á undanförunum árum og byggingariðnaður og þjón-
ustuiðnaður ýmiss konar hefur dafnað sæmilega. Margt er þó ógert í sambandi við
þessa þætti iðnaðarins. Á hinn bóginn er framleiðsluiðnaður miklu minni og veikari
en efni standa til. Á sú staðreynd vafalaust drýgsta þáttinn í því, að íbúatala kjör-

dæmisins hefur staðið nálega óbreytt í 35 ár og sem svarar eðlilegri fólksfjölgun hefur flust brott til annarra landshluta. Án efa eru verkefni nærþækust í stóreflingu framleiðsluiðnaðar ýmiss konar, og um leið eru þar mestir möguleikar til nýtingar á mikilli orku, enda þótt tillagan geri ráð fyrir sérstakri athugun allra þátta iðnaðarins. Af framleiðslugreinum má t. d. nefna stórfellda aukningu matvæla-iðnaðarins, sem sýnist vera brýnt verkefni, auk þess sem gefa þarf sérstakan gaum að ýmiss konar orkufrekum iðnaði af þeirri stærð sem hentað gæti heimamönnum sem víðast í landshlutanum.

Hin nýju viðhorf í orkumálum Norðurlands vestra hafa stóraukið hjartsýni fólksins þar um slóðir. Þessari hjartsýni þarf að mæta með stuðningi hins opinbera við að undirbúa það, að höndluð verði þau stórkostlegu tækifæri sem bjóðast með virkjun Blöndu. Þáttur í þeim stuðningi er sá undirbúningur iðnþróunar sem tillaga þessi greinir.